

Nd.

128. Nefndarálit

um frumvarp til laga um almennan kosningarrjett til alþingis.

Nefnd sú, er haft hefur frumvarp þetta til meðferðar, hefur athugað það; felst meiri hlutinn á ástæður þær, er stjórnin hefur fært fyrir frumvarpinu, og ræður háttvirtri deild til að samþykkja það.

Neðri deild alþingis, 20. júlí 1907.

Pjetur Jónsson Jón Magnússon Lárus H. Bjarnason
formaður skrifari og framsögum.
Ólafur Thorlacius Jón Jónsson.

Álit minni hlutans.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið öldungis sammála háttv. samnefndarmönnum okkar og þess vegna komist að gagnstæðri niðurstöðu að því, er snertir frumvarp það, sem hjer um ræðir. Við litum að vísu, eins og þeir, svo á, að kosningarrjettinn til alþingis beri ekki að miða við nokkuð ákveðið gjald, þareð alt slíkt gjald, hvernar tegundar sem er, getur ekki, út af fyrir sig, verið nein trygging fyrir því, að vel og viturlega sje með þann rjett farið, heldur er hún að eins fölginn í samviseusemi og þroska þess, er með hann fer. En með því, að þessi samviseusemi og þessi þroski á sjer vitanlega engu síður stað hjá hinum umkomuminni, en hinum efnaðri, engu síður hjá konu en karli, þá virðist okkur, að með frumvarpi því, sem hjer um ræðir, sje alt of skamt farið í aukning kosningarrjettarins. Við sjáum enga ástæðu til þess, að gjöra þann mismun á lausamanni og vinnumanni, að hinum fyrnefnda skuli takmarkalaust veittur kosningarrjettur til alþingis, ef hann að eins hefur náð ákveðnu aldurstakmarki, er skuldlaus við sveit og hefur óflekkað mannorð, en hinum síðarnefnda skuli vera neitað um hann, þótt hann fullnægi öllum sömu skilyrðum og gjaldi auk þess máske meira eða minna til allra stjetta. Með slíku tyrirkomulagi væri óneitanlega gefið í skyn, að lausamenskustöðuna bæri skilyrðislaust að skoða hjúastöðunni æðri, en það teljum við hvorki rjettlátt nje eftir ástæðum heppilegt. Við litum einnig svo á, að eigi fullkomin sanngirni og rjettlæti að ráða, þá ætti konum jafnt sem körlum, eftir þroska og hæfileikum, að gefast kostur á, að taka þátt í lög-gjafarstarfi þjóðarinnar og í því skyni beri því að veita þeim bæði kosningar- og kjörgengisrjett til alþingis. Sakir þessa mundum við hafa kosið, að koma fram með annað frumvarp, er hefði haft að innihaldi ákvarðanir um fullkomlega almennan kosningarrjett í stað frumvarps þess, er hjer liggur fyrir, enda þótt með því hefði verið um stjórnarskrárbreytingu að ræða. En þar sem nú nýlega hefur verið lagt fyrir alþ. frv. um ýmsar breytingar á gildandi stjórnarskrá, og við væntum, að það ákvæði nefnds frumvarps, sem snertir hinn almenna kosningarrjett, nái nú, eða innan skamms, samþykki þingsins, þá álitum við, að það geti engu tjóni valdið, þótt kosningarrjetturinn sje ekki nú þegar eða áður veittur hinum fáu lausamönnum, sem eigi greiða 4 króna sveitarútsvar, og leyfum okkur því að leggja það til, að hin háttv. deild felli frumvarp það um almennan kosningarrjett, sem hjer liggur fyrir.

Eggert Pálsson. Björn Kristjánsson.